

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
101 Reykjavík

Reykjavík, 11.3.2021
Tilvísun: 20210300018

Umsögn ríkisskattstjóra um frumvarp til laga um breytingu á lögum um tekjuskatt, nr. 90/2003 (gengishagnaður) – 203. mál, þskj. 204

Ríkisskattstjóri hefur þann 26. febrúar 2021 móttengið tölvupóst þar sem gefinn kostur á að veita umsögn um ofangreint frumvarp. Telur embættið tilefni til eftirfarandi ábendinga:

I.

Með frumvarpinu er lögð til sú breyting á 2. mgr. 5. tölul. 1. mgr. 8. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt (tsl.), að í stað þess að rekstraraðilum verði skylt að færa mismun á gengistapi og gengishagnaði ársins til tekna með jafnri fjárhæð á þrjú ár frá og með því reikningsári þegar gengishagnaður fellur til þá verði um heimildarákvæði að ræða. Með frumvarpinu er því lagt til að rekstraraðilar hafi val um hvort skattskyldum gengishagnaði verði dreift á þrjú ár eða hann tekjufærður í einu lagi.

Um er að ræða endurflutt frumvarp, sbr. 150. þing (89. mál) og 149. þing (491. mál). Ríkisskattstjóri sendi inn umsögn um þingmál 89, dags. 19. nóvember 2019, þar sem fjallað var um hversu mörg félög höfðu dreift gengishagnaði og gengistapi við framtalsskil rekstraraðila 2018 og 2019. Því til viðbótar má nefna að í skattframtölum rekstraraðila 2020, var 1.831 félag með dreifingu gengishagnaðar (2/3), samtals 12,4 milljarða, og 1.489 félög voru með dreifingu gengistaps (2/3), samtals 12,6 milljarða.

Í framangreindri umsögn ríkisskattstjóra um frumvarpið, eins og það lá fyrir á 150. þingi, sagði m.a.:

„Ákvæðið eins og það er núna hefur kallað á nokkurt eftirlit af hálfu ríkisskattstjóra þar sem eitthvað hefur verið um að rekstraraðilum hafi láðst að tekjufæra gengishagnað sem áður hafði verið dreift. Það er mat ríkisskattstjóra að þessi breyting sé almennt til bóta og skapi ekki auknar flækjur í framtalsgerð.

Vakin er athygli á að ef þessi breyting verður gerð á 2. mgr. 5. tölul. 1. mgr. 8. gr. tsl. vaknar sú spurning hvort ekki sé rétt að gera einnig breytingu á 2. mgr. 4. tölul. 49. gr. tsl. en þar er finna sambærilegt ákvæði um dreifingu gengistaps. Ekki verður annað séð en að sömu sjónarmið geti átt þar við og gagnvart dreifingu á gengishagnaði.“

Ríkisskattstjóri vill hér ítreka að afnám skyldu til að dreifa gengishagnaði myndi vera til einföldunar í framtalsgerð. Í þessu samhengi má einnig nefna að í þeim tilvikum þar sem félög eru með verulegt yfirfæranlegt tap þjónar þessi dreifing oft engum tilgangi.

II.


Samkvæmt ákvæði 2. gr. frumvarpsins skal gildistöku hagað með eftirfarandi hætti: „Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2021 og koma til framkvæmda fyrir reikningsárið 2020.“

Útbytingardagur frumvarpsins var 15. 10. 2020 og hefur væntanlega verið stefnt að því að frumvarpið yrði að lögum á árinu 2020 og ætlað að koma til framkvæmda við álagningu 2021.

Ákvæði 2. mgr. 77. gr. stjórnarskrárinnar leggja bann við afturvirkni skattalaga, sbr. orðalagið: „Enginn skattur verður lagður á nema heimild hafi verið fyrir honum í lögum þegar þau atvik urðu sem ráða skattskyldu.“ Í þeim tilvikum sem lagasetningu á sviði skattaréttar er ætlað að vera ívilnandi með afturvirkum hætti, sbr. athugasemdir við 2. mgr. 77. gr. stjórnarskrárinnar, þá verður að vera hafið yfir allan vafa að áhrif lagasetningarinnar séu við þær aðstæður ótvírætt taldar ívilnandi. Ríkisskattstjóri bendir í þessu sambandi á að ekki sé útlokað að einhverjir þeirra lögaðila sem þegar hafi skilað framtali hefðu hagsmunum á því að dreifa ekki gengishagnaði eins og nú er áskilið. Þyrftu þeir því, að frumvarpi þessu samþykktu, að senda leiðréttingarbeiðnir eða kæruframtöl til ríkisskattstjóra með tilheyrandi óhagræði og jafnvel tilkostnaði. Ríkisskattstjóri áréttar að almennt skyldi tekjuár vera ráðandi þáttur við ákvörðun um gildistöku reglna um skattlagningu. Með vísan til framangreinds telur ríkisskattstjóri því æskilegra að gildistökuákvæði frumvarpsins yrði breytt og gæti það hljóðað svo: „Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2021 og koma til framkvæmda við álagningu 2022.“

Að öðru leyti sér ríkisskattstjóri ekki ástæðu til athugasemda við frumvarp þetta.

Virðingarfyllst,
f.h. ríkisskattstjóra


Helga Valborg Steinarsdóttir


Jón Ásgeir Tryggvason